



Reglur um þjónustu stuðningsfjölskyldna

Á grundvelli samnings sinnir Félagsþjónusta Suðurnesjabæjar þjónustu við íbúa Sv. Voga samkvæmt reglum þessum.

Réttur til þjónustu

1. gr.

Suðurnesjabær veitir fjölskyldum barna 0-18 ára þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur út frá lögum. Þjónustan stendur til boða fyrir fjölskyldur barna sem eiga lögheimili í Suðurnesjabæ og er samningsbundin til ákveðins tíma. Þörf fyrir þjónustu er metinn í hverju tilfalli fyrir sig út frá aðstæðum fjölskyldu.

- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- Lög um barnavernd nr. 80/2002.

2. gr.

Verkefni stuðningsfjölskyldu

Verkefni stuðningsfjölskyldu er að taka barn í umsjá sína í skamman tíma með það að markmiði að létta álagi af fjölskyldu þess og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Í slíkri umsjá fylgir ekki krafa um sérstaka þjálfun eða hæfingu umfram þá daglegu þjálfun sem felst í almennum kröfum sem lúta að barnauppleði.

3. gr.

Umfang þjónustu

Umfang veittrar þjónustu fer eftir mati á þjónustu eða aðstoð sbr. matstæki á fylgiskjali nr. 1 með reglum þessum. Þjónustubörf er skilgreind sem lítil, meðal, mikil eða mjög mikil. Um er að ræða eftirfarandi hámarkstíma á grundvelli mismunandi laga.

- Hámark þjónusta stuðningsfjölskyldu samkvæmt lögum um félagsþjónustu er 2 sólarhringar á mánuði.
- Hámark þjónusta stuðningsfjölskyldu samkvæmt 24. gr. og 85. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er 5 sólarhringar á mánuði.
- Hámark þjónusta stuðningsfjölskyldu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er 15 sólarhringar á mánuði.

4. gr.

Umsókn og mat á þjónustubörf

Sótt er um þjónustu stuðningsfjölskyldu hjá Suðurnesjabæjar á þar til gerðu eyðublaði. Mat á þörf barns fyrir stuðningsfjölskyldu fer fram í samráði við foreldra/forsjáraðila þess. Við matið er horft m.a. til aldurs barns, eðli og umfangs fötlunar, mats á stuðningsþörf sem og annarri



SUÐURNESJABÆR

þjónustu sem veitt er og félagslegum aðstæðna. Stuðst er við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins þegar við á.

Ákvörðun um að veita þjónustu er tekin á afgreiðslufundi félagsþjónustu og skal niðurstaða berast umsækjanda innan 6 vikna frá því umsókn barst. Ef fyrir sé að þjónusta sem sótt var um geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar er umsækjanda tilkynnt ástæður þess og honum leiðbeint um önnur úrræði.

Heimilt er að framlengja samninga um stuðningsfjölskyldu við einstaklinga sem eru 18 ára og eldri á grundvelli mats á þörf meðan leitað er að annarri viðeigandi þjónustu.

5. gr. Val á stuðningsfjölskyldu

Félagsþjónusta Suðurnesjabær leitast við að tryggja að fjölskyldur séu til reiðu sem stuðningsfjölskyldur. Við val á stuðningsfjölskyldu skal leggja áherslu á að stuðningsfjölskylda uppfylli þau skilyrði sem ákvörðun byggist á.

Val á stuðningsfjölskyldu getur verið með tvennum hætti;

- Leyfi veitt stuðningsfjölskyldu á grundvelli umsóknar. (eiga umsóknarblað)
- Ákvörðun tekin að ganga til samninga við tiltekna fjölskyldu um að veita þessa þjónustu.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón fleiri en þriggja barna í einu nema um systkini sé að ræða.

6. gr. Gagnaöflun

Umsækjendur um stuðningsfjölskylduleyfi þurfa að afla eftirfarandi gagna.

- Búsetuvottorð.
- Læknisvottorð.
- Samþykki allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að sveitarfélagið afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem fram komi hvort viðkomandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á ákveðum XXII. kafla, sem og 211 eða 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 26. gr. laga nr. 38/20018.
- Samþykki forráðamanna stuðningsfjölskyldu fyrir því að heimilt sé að leita upplýsinga um stuðningsfjölskyldu og aðbúnað á heimili hennar frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitanda, félagsþjónustu annarra sveitarfélaga og/eða heilbrigðisfulltrúa.
- Staðfesting um að eldvarnir á heimilinu séu fullnægjandi.
- Staðfest yfirlit um starf með börnum ef við á.
- Upplýsingar um önnur leyfi eða verkefni annaðhvort fyrir fötluð börn eða samkvæmt barnaverndarlögum.
-

Stuðningsfjölskylda og forráðamenn barns bera ábyrgð á því að viðeigandi tryggingar séu í gildi hverju sinni.



SUÐURNESJABÆR

7. gr. Meðferð umsókna

Hagir fjölskyldunnar eru kannaðir með heimsóknum og viðtölum, skrifuð greinargerð um niðurstöðu könnunar. Umsækjanda skal kynnt greinargerðin og gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Sé heimili stuðningsfjölskyldu staðsett utan lögheimilissveitarfélags barnsins fer úttekt fram á grundvelli umboðs sem lögheimilissveitarfélag barnsins veitir starfsmanni félagsþjónustu þar sem stuðningsfjölskyldan á lögheimili.

Við leyfisveitingu skal það tekið skýrt fram í leyfisbréfi að forsvarsmenn stuðningsfjölskyldu skuli tafarlaust tilkynna um allar breytingar á atriðum sem máli geta skipt við framkvæmd þjónustunnar. Við endurnýjun leyfis er metið hvort leggja beri fram ný gögn eins og um nýja umsókn sé að ræða. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst ef liðin eru meira en 3 ár frá því að slíkar upplýsingar voru veittar, auk þess sem starfsmaður félagsþjónustu skal hafa heimsótt heimili á því tímabili.

8. gr. Samningur

Við upphaf þjónustu er haldinn fundur allra aðila og gerð grein fyrir hlutverki hvers og eins. Félagþjónustan gerir þríhliða tímabundinn samning milli stuðningsfjölskyldu og foreldra/forsjáraðila. Forsvarmaður stuðningsfjölskyldu hefur val um að vera á launaskrá hjá sveitarfélaginu eða gera verksamning. Í síðarnefnda tilvikinu er um að verktakagreiðslur og ber stuðningsfjölskyldu að sýna fram á að tryggingamálum sé fullnægjanleg.

Verktakagreiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattskyldar en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra. Stuðningsfjölskyldum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim sem njóta þjónustunnar.

Staðfesting skal berast félagsþjónustunni mánaðarlega um veitta þjónustu.

- Í samningnum kemur m.a. fram:
 - fjöldi sólahringa í mánuði,
 - almennar upplýsingar um samningsaðila verkefni stuðningsfjölskyldunnar.Samningur skal endurnýjaður/framlengdur árlega.
- Þagnarskylda varðandi upplýsingar um barn og fjölskylduhagi þess.
- Þagnarskylda varðandi hagi stuðningsfjölskyldu. Ferðir barns við upphaf og lok dvalar teljast ekki til þjónustu stuðningsfjölskyldu nema sérstaklega sé um það samið.

9. gr. Samningsfjárhæðir

Félagþjónustan greiðir stuðningsfjölskyldu fyrir hvern sólarhring sem barn dvelur hjá fjölskyldunni samkvæmt gjaldskrá.

10. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í fjölskyldu- og velferðarráði kynnst einkahögum umsækjanda eða



SUÐURNESJABÆR

annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

11. gr. Kynning á ákvörðun.

Taka skal ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er en sjá skal jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Kynna skal umsækjanda skriflega niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem kostur er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skulu forsendur synjunar rökstuddar. Ef umsókn er sett á biðlista skal umsækjanda tilkynnt um það.

12. gr. Rangar eða villandi upplýsingar.

Þjónusta sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er í öllum tilfellum endurskoðuð og samningum rift ef þurfa þykir.

13. gr. Málskotsréttur.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur hann skotið afgreiðslu félagsþjónustunnar til fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar, Sunnubraut 4, og skal það gert skriflega innan 4 vikna frá því að umsækjanda berst vitneskja um synjun. Fjölskyldu- og velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskyldu- og velferðarráð til Úrskurðarnefndar velferðarmála: félagsþjónusta og húsnæðismál Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Skal það gert inna þriggja mánaða frá því að tilkynning barst um ákvörðunina.

14. gr. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Fjölskyldu- og velferðarráð veitir stuðningsfjölskyldum leyfi en að öðru leiti taka starfsmenn félagsþjónustu ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskyldu- og velferðarráðs.

15. gr. Gildistaka.

Reglur þessar voru samþykktar af fjölskyldu- og velferðarráði á fundi 11.6.2020 og í Bæjarráði 8. júlí 2020.

Fylgiskjöl með reglum þessum. 1. Mat á þjónustubörf